

Skýrsla – Grunnskóli Seltjarnarness

Grunnskóli Seltjarnarness varð til við sameiningu grunnskólanna, Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla í einn grunnskóla 1. ágúst 2004. Skólaárið 2009 – 2010 stunda 574 nemendur nám við skólann og við skólann starfa um 100 starfsmenn. Skólinn starfar í tveimur byggingum, Mýrarhúsaskóla með nemendum 1.-6. bekkja (296 nem.) og Valhúsaskóla með nemendum 7.-10. bekkja (278 nem.).

Umhverfisnefndin

Skólinn sótti um að taka þátt í Grænfánaverkefninu síðla hausts árið 2007 og varð þá skóli á grænni grein. Laufey Alda Sigvaldadóttir deildarstjóri, hefur haldið utan um verkefnið og sinnt hlutverki verkefnastjóra. Fyrsta verk verkefnisstjóra var að sjá til þess að stofnuð væri umhverfisnefnd innan skólans. Valið í nefndina fór þannig fram að biðlað var til áhugasamra kennara, foreldra og nemenda úr báðum byggingum, húsverðir voru fúsir til að starfa með nefndinni sem og yfirmaður skólamötuneytis. Deildarstjórar yngsta stigs, miðstigs og unglingastigs hafa einnig setið í nefndinni. Nefndarfolk í umhverfisnefndum skólaáranna 2007-2008 og 2008-2009 má sjá í fylgiskjali 1a og 1b en hér að neðan eru nöfn þeirra sem nú sitja í nefndinni:

Hjalti Þór Nielsen, nemandi í 5. bekk
 Kristín Birna Birnisdóttir, nemandi í 6. bekk
 Margrét Aðalheiður Þorgeirsdóttir, nemandi 8. bekk
 Sölvi Rögnvaldsson, nemandi í 10. bekk
 Laufey Alda Sigvaldadóttir, deildarstjóri
 Ásta Vilhjálmsdóttir, kennari á unglingastigi
 Ásdís J. Arnkelsdóttir, kennari á yngsta- og miðstigi
 Birna Helgadóttir, fulltrúi foreldra
 Hafsteinn Jónsson, umsjónarmaður mannvirkja (Mýrarhúsaskóla)
 Þorvaldur Skaptason, umsjónarmaður mannvirkja (Valhúsaskóla)
 Jóhannes Már Gunnarsson, yfirmaður mötuneyta Seltjarnarness



Rætt hefur verið um að fjölga fulltrúum nemenda í umhverfisnefnd og á fundi 9. desember var ákveðið að hver árgangur skólans ætti fulltrúa í nefndinni. Fjölgað verður eftir áramót, ýmist með vali á nemendum eða með kosningu.



Fyrsta skólaárið fundaði umhverfisnefndin tvisvar sinnum, á öðru skólaári þrisvar sinnum og á þessu skólaári hefur nefndin hist þrisvar sinnum (sjá fundargerðir í fylgiskjöllum 2a-g). Í fyrstu ræddi nefndin mikið um flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu og voru margar ákvarðanir teknar í þeim efnum (sjá kaflann áætlun um aðgerðir og markmið). Einnig hefur verið nokkuð fjallað um samgöngumál við skólann og mikilvægi þess að draga úr umferð og þar með mengun við byggingar skólans.





Í þriðja lagi hefur nefndin rætt nokkuð um útikennslu, hvernig hægt sé að auka þátt hennar í skólastarfi og nýta þann áhuga sem nú ríkir í þessum málaflokki.

Ákveðið hefur verið að leggja áherslu á þessa þrjá málaflokka fyrst um sinn þó það séu alltaf fjölmörg önnur verkefni sem unnið er að. Dæmi um önnur verkefni sem nefndin hefur unnið að eru t.d. orkumál skólans, innkaup á ræstivörum, aðstoð við skipulagningu á umhverfisviku og starfsdegi kennara. Nefndarfolk hefur ýmist gengið í þau verk sem hefur þurft að vinna eða lagt fram tillögur til skólastjórnenda.

Mat á stöðu umhverfismála

Í byrjun skólaárs 2007-2008 fóru verkefnastjóri, húsvörður Mýrarhúsaskóla og ritari yfir gátlista Landverndar (fylgiskjal 3a). Eftir þá vinnu var hugað sérstaklega að meðhöndlun á rusli, að panta inn umhverfisvænar vörur og að skipuleggja vöruflutninga til skólans. Eftir skipulagsbreytingar á innkaupum matvara til skólans hefur ferðum með vörur til bæjarins fækkað. Innkaup á hreinlætisvörum eru í endurskoðun en stefnt er að því að fækka vörutegundum og kaupa inn umhverfisvæn hreinsiefni. Pappír sem keyptur er inn er umhverfismerktur og flest ritföng koma í umhverfismerktum umbúðum. Einnig hafa húsverðir fækkað perum í perustæðum og sett hafa verið merki við alla rafmagnsrofa til að minna á að láta ekki ljós loga að óþörfu.

Síðar á skólaárinu fóru nemendur í 6. bekk yfir gátlistann (fylgiskjal 3b) og eftir þá vinnu kom það sterklega í ljós að nemendur vilja fá að sinna meiri ræktun í skólanum og að hvatt verði enn frekar til þess að nemendur komi á umhverfisvænan hátt í skólann. Til stóð að skólalóð Mýrarhúsaskóla yrði endurbætt og grænum reitum fjölgað á lóðinni, en vegna efnahagsástandsins hefur þeirri framkvæmd verið frestað. Einnig hafa ræktunarmál verið skoðuð með garðyrkjustjóra Seltjarnarness, en óværa hefur komist í ræktunargarðana hér á Nesinu og gördunum ekki enn verið fundinn nýr staður. Þetta verður því framtíðarverkefni fyrir umhverfisnefndina og vonandi finnst einhver leið til þess að bæta úr þessu.

Í október 2009 fóru nemendur í 7. bekk yfir gátlistann (fylgiskjal 3c) á unglíngastigi og þar kom sterklega í ljós að nemendur vilja fá meiri upplýsingar og fræðslu. Vinna nemenda með gátlistana er mjög mikilvæg fyrir nefndina til þess að bregðast við þörfum nemenda. Í gátlistum kemur viðhorf og þekking nemenda vel í ljós, en jafnframt eru nemendur mjög gagnrýnir og vilja sjá úrbætur strax.

Það er ljóst að sumt á gátlistunum má laga strax en annað þarfnast undirbúningsvinnu og tekur lengri tíma. Í þessum kafla hefur verið tæpt á nokkrum þáttum sem unnt var að laga fljótt en annað, sem við viljum bæta, kemur fram í kaflanum um aðgerðir og markmið.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Við skiptum áherslumálum okkar í 3 aðalflokka og setjum okkur markmið í hverjum flokki. Flokkarnir eru:

- Flokkun, endurvinnsla og endurnýtin
- Útikennsla
- Samgöngur.

Flokkun, endurvinnsla og endurnýting

Eftir fyrstu fundi nefndarinnar var sett vinna í gang í skólanum um að auka flokkun á sorpi og hefur sú vinna gegnið mjög vel. Allur pappír er nú flokkaður í kennslustofum. Í Mýrarhúsaskóla er fernum safnað í öllum umsjónarstofum og áhugasamir kennarar safna einnig plastumbúðum. Ákveðið var að byrja á fernum og pappír og fá alla með í það, en bíða með að safna saman



plastumbúðum í öllum stofum. Á kaffistofum í báðum byggingum skólans er safnað plastumbúðum, fernum, pappír og málmumbúðum. Í skólamötuneyti er eftirfarandi flokkað: plast, fernur, pappír, ál, gler, bylgjupappi og lífrænn úrgangur en í matsölum nemenda er lífrænn úrgangur flokkaður frá almennu sorpi. Rafhlöðum, dagblöðum og bylgjupappa er einnig safnað í sérstakar tunnur sem eru hér í skólanum. Nú í haust byrjuðum við að flokka lífrænan úrgang. Á yngsta stigi og miðstigi eru litlar söfnunartunnur fyrir lífrænan úrgang í hverri stofu, lítil tunna á kaffistofu starfsfólks og stór tunna í mötuneyti nemenda. Á unglíngastigi er ein stór tunna fyrir lífrænan úrgang í mötuneyti unglínga og önnur minni á kaffistofu starfsfólks. Gámaþjónustan sér svo um að vinna moltu úr lífræna úrganginum. Lífræna söfnunin hefur gengið vel það sem af er ári og vonum við að það haldi áfram.

Með þessari flokkun teljum við að mörg flokkunarmarkmið okkar hafi náðst, en sjálfsagt er að hafa þessi mál í stöðugri endurskoðun. Innleiðing á flokkuninni hefur gengið nokkuð vel, en að sjálfsögðu hafa komið upp vandkvæði í þessum efnum. T.d. þótti kennurum mikil vinna að þurfa að láta nemendur skola fernur áður en þær væru settar í endurvinnslutunnuna, en nemendur hafa sýnt þessu áhuga og verið nokkuð duglegir við þetta. Þeir sem ekki eru duglegir við að skola eru hvattir til að koma með drykki í brúsum. Við erum enn að vinna í því að farið sé eftir reglum varðandi frágang í tunnurnar (fernur í plastpokum o.s.fr.).

Kennarar og nemendur hafa einnig verið duglegir við að endurnýta, t.d. með því að nýta gamlar gardínur, auglýsingabæklinga, jógúrt dósir og fernur í fönður. Í unglíngadeild hefur verið unnið með safnaveitur (safn ýmissa hluta sem til falla í skólanum og á heimilum starfsfólks og nemenda) og hafa nemendur gefið ímyndunaraflinu lausan tauminn og búið til fjölbreytt verk úr þessum hlutum.



Mjög góður árangur hefur náðst í að draga úr magni óendurvinnanlegs sorps í skólanum og síðustu 2 ár hefur þyngd þess dregist mjög saman (fylgiskjöl 4a og b). Markmið okkar er að draga enn frekar úr þyngd þess, eða um 25% næstu 2 árin ('09-'10 og '10-'11), en til að það takist munum

við standa vörð um það flokkunarstarf sem nú þegar er í gangi, bæta við flokkun eftir því sem þörf er á og efla nemendur á unglíngastigi enn frekar í flokkunarstarfinu.

Útikennsla

Mikil vakning hefur verið upp á síðkastið um útikennslu og mikið af námskeiðum í boði í þessum málaflokki. Áhugi virðist vera hjá kennurum skólans því fjölmargir hafa sótt fjölbreytt námskeið um útikennslu. Nefndin styður heilshugar þá fyrirætlan skólastjórnenda að auka þátt útikennslu í skólastarfinu og mun deildarstjóri verkefna vinna að því að efla og hvetja kennara til útikennslu næsta skólaár. Mörg verkefni eru nú þegar unnin í skólanum, sem tengjast útikennslu og umhverfismennt og mikilvægt að halda þeim gangandi.



Þessi verkefni eru:

- 7. bekkur fer í heimsókn í Gvendarbrunna og fræðist um vatnsnotkun Reykvíkinga, kynnist vatnsbóli Reykvíkinga og hugsanlegum hættum sem steðja að bólinu (mengun) og skoða stöðvarhús.
- 4.-9. bekkur tekur þátt í verkefninu *Gróðursetning fyrir fólk í landnámi Ingólfs* en þar gróðursetja nemendur tré og fylgjast með því og heimsækja tré sitt að nokkrum árum liðnum.
- 1.-6. bekkir fara a.m.k. einu sinni á önn í Fræðasetrið í Gróttu og vinna þar að ákveðnum verkefnum sem taka mið af aldri og skólanámskrá, 4.-6. bekkir að hausti en 1.-3. bekkur á vormánuðum.

-7. bekkur skoðar Bakkatjörn og mælir sýrustig, súrefnismagn, hitastig og grugg í tjörninni. Þetta er unnið í samstarfi við verkefnið *Alþjóðlegi vatnsmælingadagurinn*, sem við erum þátttakendur í.

-Nemendur í 1.-4. bekk eiga „leynistaði“ hér á Nesinu (<http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/myro/leyni/index.htm>) og gengur það verkefni út á það að þeir kynnist árstíðabundnum breytingum á umhverfinu á hverjum stað fyrir sig (1. bekkur-Plútóbrekka, 2. bekkur-Valhúsahæð, 3. bekkur-fjaran, 4. bekkur-Bakkatjörn).

-Fyrir nokkrum árum unnu kennarar á yngsta- og miðstigi verkefni sem nefnist *Fræðslustígar*. Verkefninu er skipt í 6 flokka, eftir aldri nemenda og gengur út á það að nemendur fari eftir ákveðinni leið um Seltjarnarnesið, kynnist ákv. listaverki, fugli, fjalli og stað á Nesinu. Þetta verkefni er oft unnið á vordögum.

Með aukinni útikennslu er líklegt að virðing nemenda fyrir umhverfinu aukist, nemendur taki eftir fjölbreytileika náttúrunnar og sýni umhverfinu áhuga. Stjórnendur vilja, eins og áður sagði, auka þátt útikennslu í skólanum og hvetja þeir kennara til þess að tengja útikennslu við allar námsgreinar. Þeir hafa t.d. hvatt kennara til þess að sækja fjölbreytt námskeið um útikennslu og hvatt til þess að þeir sæki um þróunarstyrki til þess að vinna að útikennsluverkefnum, auk þess sem þeir hvetja kennara til þess að nýta náttúruna í kringum skólann. Deildarstjóri verkefna hefur útbúið aðgengilega möppu með útikennsluverkefnum og tínt til þau gögn sem þarf til að vinna þau verkefni. Markmiðið er að nemendur á yngsta og miðstigi fari í markvissa útikennslu a.m.k. 1 sinni í viku (útfærslan getur verið misjöfn eftir því sem hentar hverju sinni) og að nemendur á unglíngastigi fari 1 sinni á skólaári í markvissa útikennslu í hverju fagi/námsgrein.

Samgöngur

Grunnskóli Seltjarnarness var leiðtogaskóli um umferðarfræðslu á árunum 2007-2009. Verkefnið hlaut ekki áframhaldandi styrk vegna stöðu efnahagsmála, en mun þó að einhverju leyti halda áfram. Verkefnastjóri þess verkefnis var Fjóla Höskuldsdóttir, deildarstjóri, en hún hefur skipulagt átak í því að nemendur komi gangandi (eða á umhverfisvænan hátt) í skólann. Bílaumferð er mjög mikil við báðar byggingar skólans á morgnana og henni fylgir mikil hætta og mengun. Grunnskóli Seltjarnarness hefur tekið þátt í áttakinu *Göngum í skólann* frá upphafi en það er alþjóðlegt verkefni sem stendur í einn mánuð á haustin. Við höfum einnig bætt við tveggja vikna átaki á vorin og gert mikið úr þessum vikum. Bekkirnir eiga t.d. kost á að vinna farandbikarinn „Gullskóinn“ og hefur það verið hvetjandi fyrir bekkina að vera handhafar hans. Verkefnið hefur gengið mjög vel og í sumum bekkjardeildum hefur verið um 100% þátttaka. Átak sem þetta vekur nemendur til umhugsunar og virðast krakkarnir vera áhugasamir um að bæta úr því ástandi sem er við byggingar skólans. Foreldrar virðast hins vegar ekki treysta á umferðaröryggismálin við skólana og teljum við að þar þurfi átak, svo foreldrar treysti betur á öryggi barna sinna á leið til og frá skóla.



Markmið nefndarinnar í umferðarmálum er að festa í sessi verkefnið „Göngum í skólann“ með sama sniði og lýst var hér að framan. Einnig setur umhverfisnefndin sér það markmið að mynda hóp hagsmunaaðila (foreldrar, starfsfólk skólans, fulltrúar frá Slysavarnarfélagi kvenna sem þrýstir á um aðgerðir til að auka öryggi gangandi/hjólandi vegfarenda í kringum skólana.

Samantekt

Markmið okkar næstu tvö ár:

- Draga enn frekar úr þyngd almenns sorps (óflokkað) eða um 25%
- Festa átakið *Göngum í skólann* í sessi
- Mynda hóp hagsmunaaðila til að þrýsta á um aðgerðir í umferðaröryggismálum
- Nemendur í 1.-6. bekk fái markvissa útikennslu að jafnaði einu sinni í viku
- Nemendur í 7.-10. bekk fái markvissa útikennslu einu sinni á önn í hverri námsgrein

Eftirlit og endurmat

Verkefnisstjóri hefur séð til þess að málum sé fylgt eftir í samvinnu við starfsfólk og nefndarfólk. Húsverðir gegna einnig lykilhlutverki í þessu og er samvinna milli verkefnisstjóra og húsvarða góð og skilvirk. Einnig höfum við sérfróðan foreldrafulltrúa í umhverfismálum í hópnum sem hefur gefið okkur mörg góð ráð s.s. varðandi skipulagningu á fræðslu til starfsfólks og varðandi innkaup. Nemendur gegna einnig mikilvægu hlutverki í eftirlitinu, en þeir hafa séðu um að fara yfir gátlista í báðum byggingum, komið með athugasemdir og ábendingar. Þeir munu að sjálfsgöðu halda því áfram.

Mikilvægt er að þeim markmiðum sem við höfum sett okkur sé fylgt eftir og að starfsfólk og nemendur viti að hverju við stefnum og standi vörð um það sem vel er gert. Málefni Græn fána eru einnig oft rædd á kennarafundum, stigsfundum og í kennslustundum. Ef upp koma einhver vandamál eru þau oftast leyst á þessum fundum eða lögð fyrir umhverfisnefnd til úrlausnar.

Nefndin leggur til að dagur umhverfisins verði nýttur til þess að fagna þeim sigrum sem við náum í umhverfismálum á hverju skólaári og blásið sé til umhverfishátíðar, hvort sem sigrarnir eru smáir eða stórir.

Fræðsla

Nemendur

Í september 2008 var haldin umferðar- og umhverfisvika í skólanum. Meðal umhverfisverkefna sem unnin voru þá, má nefna:

1. bekkur flokkaði rusl og fór í grenndargám
2. bekkur vann verkefni um flokkun á úrgangi
3. bekkur vann með umhverfisvæna fjölskyldu
4. bekkur fór í vettvangsferð í Sorpu
5. bekkur gerði umhverfismerki og umhverfisslagorð
6. bekkur athugaði stöðu skólans í umhverfismálum (gátlisti)



Áherslan var á úrgangsmál, þar sem við vorum að fara í mikla flokkun í skólanum á þessum tíma og mikilvægt að sem flestir fengju upplýsingar um hvað við flokkum og af hverju.

Í þessari viku tóku allir bekkir þátt í átakinu *Göngum í skólann* og farandverðlaunagripurinn Gullskórinn var afhentur, einn á unglíngastigi og annar á mið- og yngsta stigi. Umferðaráttakinu fylgdi fræðsla um umferðar- og umhverfismál í bekkjunum.

Flestir nemendur tóku þátt í samkeppni um umhverfismerki skólans, en merki eftir Emilíönu Birtu í 6.-B með mynd af merki bæjarins og regnboga vann, en slagorð Brynjars Bjarnasonar í 5.-A *Umhverfið er móðir þín* vann í

keppninni um besta slagorðið og var það sett inn á myndina (sjá merkið efst á 1. bls. í þessu skjali).

Þetta skólaár var umhverfisvikan í nóvember. Nemendur fengu fræðslu í umhverfismennt í fjölmörgum greinum og meðal verkefna má nefna:

1. bekkur föntraði ruslaskrímsli
2. bekkur heimsótti leynistaðinn sinn og bar saman manngert og náttúrulegt umhverfi
3. bekkur skoðaði fjallahringinn sem umlykur Nesið
4. bekkur gerði leikrit um hringrásir og sundrendur í náttúrunni
5. bekkur kynntist moltugerð
6. bekkur vann með umhverfismerki (Svaninn, blómið, fálkann o.s.fr.)



Sundrendur!

Í unglingadeild var unnið með plöntur sem finnast á Seltjarnarnesi, bensíneyðsla bíla skoðuð, búin til ljóð, listaverk gerð úr „rusli“, nemendur kynntust algengum orðum sem tengjast umhverfismennt í ensku, dönsku og frönsku, fræðsla um loftlagsmál, dýr í útrýmingarhættu, fræðslumyndir um umhverfismennt og o.m.fl. Allir bekkir lögðu inn hugmyndir til að vinna út frá við gerð umhverfissáttmála skólans og sá umhverfisnefndin um að klár vinnu við sáttmálann. Í umhverfisviku heiðruðu nemendur móður náttúru með því að koma grænklaeddir í skólann og borða grænt (spergilkál og græna frostpinna!). Nefndin hefur lagt til að umhverfisvika verði árlega í skólanum og styðja skólastjórnendur þá hugmynd.



Moltugerð

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru fjölmörg markmið sem tengjast umhverfismennt (að búa á jörðinni) og eru þessi sömu markmið að finna í skólanámskrá Grunnskóla Seltjarnarness. Samkvæmt henni fer fram fræðsla um umhverfismál í hverjum árgangi. Helst er þó fjallað um umhverfismennt í íslensku, samfélagsgreinum, náttúrufræði, heimilisfræði, stærðfræði og listgreinum.

Í mars á síðasta skólaári var valinn einn áhugasamur nemandi úr hverjum bekk (3.-10. bekk, valið var í 3. og 4. bekk en kosið í 5.-10. bekk) til þess að gegna hlutverki umhverfisfulltrúa í bekknum. Deildarstjórar (yngsta stigs og unglingastigs) sáu um að stjórna fundinum og miðla upplýsingum til þessara nemenda um stöðu mála hjá okkur. Einnig fóru þeir í hugmyndavinnu um hvað við gætum gert betur, hvernig við gætum náð betur til nemenda og hvernig verkefni þeir sjálfir myndu vilja vinna. Margar góðar hugmyndir komu frá krökkunum (sjá fylgiskjal 5). Eftir fundinn fóru nemendur í bekkina sína og miðluðu sömu upplýsingum og stjórnðu svipaðri hugmyndavinnu og þeir fóru í gegnum. Markmið er að halda einn slíkan fund með nemendum á hverju skólaári.



Grunnskóli Seltjarnarness fékk styrk frá Comenius (fjölbjóðlegt samstarfsverkefni skóla víðs vegar í Evrópu á vegum Menntaáætlunar Evrópusambandsins) til þess að vinna að samstarfsverkefni með nemendum á Spáni og í Danmörku. Verkefnið kallast *Climate and Energy Awareness (CEA)* og er markmiðið með verkefninu að auka þekkingu nemenda á orku, orkugjöfum og orkunotkun, mengun af völdum orkugjafa og hvernig má spara orku. Einnig verða samvinnuverkefni milli landa unnin um loftslagsmál. 8. bekkur tekur þátt í verkefninu og athuga nemendur m.a. orkueyðslu í herberginu sínu. Þeir fá mæli með sér heim

sem hægt er að stinga rafmagnstækjum í samband við og mæla þar með notkun hvers tækis. Þeir skrá hjá sér hve lengi þeir nota tækið og áætla orkunotkun út frá því. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu nemenda á orkugjöfum og skynjun á orkunotkun raftækja. Einnig að nemendur fræðist um loftslagsmál og þær afleiðingar sem loftslagsbreytingar hafa á umhverfið.

Á þessu skólaári vinna nemendur í 3.-6. bekk samþætt verkefni í upplýsingatækni og umhverfismennt. Verkefnið er eins konar rannsóknarverkefni þar sem viðfangsefnið er ákveðið umhverfisvandamál sem nemendur eiga að fræðast um og koma með tillögur að því hvernig unnt er að leysa. Viðfangsefnin eru misjöfn eftir árgöngum en þau helstu eru: Loftmengun, orka, endurvinnsla, sorp, vatn, dýr í útrýmingarhættu, regnskógar og hafið. Nemendur kynna niðurstöður sínar fyrir bekkjarfélögum á fjölbreyttan hátt s.s. með glærusýningu (Power Point), útgáfu bæklinga, að segja sögu, vefleiðangri eða í formi fréttapáttar eða fréttablaðs.

Starfsfólk

Fræðslu fyrir starfsfólk þarf að auka. Nokkrir áhugasamir kennarar hafa þó sótt sér fræðslu sjálfir á námskeiðum sem tengjast útikennslu og umhverfismennt. Fræðslufundur var haldinn hér 28. október sl. fyrir starfsfólk skólans þar sem Orri Páll kom og flutti gott erindi um Grænánann og umhverfismál. Eftir það vann starfsfólk í hópum, eftir hugmyndafræðinni *Heimskaffi* og velti fyrir sér hvernig umhverfisstarfið í skólanum yrði skemmtilegt. Húsverðir hafa jafnframt heimsótt Fossvogsskóla og kynnt sér starfið þar.

Samantekt

Markmið í fræðslumálum:

- Festa umhverfisviku í sessi
- Auka fræðslu fyrir starfsfólk, eitt námskeið/fræðsluerindi á hverju skólaári
- Auka fræðslu fyrir nemendur og samþætta umhverfismennt öllum námsgreinum

Kynning á stefnunni

Stefna skólans í umhverfismálum endurspeglast í umhverfissáttmálanum (fylgiskjal 6). Í honum eru mikilvæg atriði sem við í Grunnskóla Seltjarnarness ætlum að standa vörð um og framfylgja í hvítvetna. Við viljum að aðrir í skólasamfélaginu fari að okkar fordæmi og því viljum við að sem flestir viti fyrir hvað við stöndum. Sáttmálinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans, hann hefur verið sendur foreldrum, bæjarstjórnendum, umhverfisnefnd, starfsfólki íþróttahúss og sundlaugar, í tónlistarskólann, leikskólana og á Bæjarbókasafn. Sáttmálinn verður birtur í Nesfréttum, bæjarblaði okkar Seltirninga, og á heimasíðu Seltjarnarness. Auk þess verður sáttmálinn hengdur upp víða í skólanum og unnið myndverk út frá honum þar sem nemendur setja hönd sína við til samþykkis sáttmálanum.

Umhverfissáttmáli

Umhverfissáttmála skólans er að finna í fylgiskjali 6. Sáttmálinn var unninn á lýðræðislegan hátt með þátttöku nemenda og starfsfólks. Í umhverfisviku unnu nemendur tillögur með umsjónarkennurum sínum. Umsjónarkennarar skiptu nemendum í hópa sem ræddu um það hvað þeim þætti mikilvægt að standa fyrir í sambandi við umhverfismennt. Hópar skiluðu hugmyndum sem umhverfisnefndin vann úr. Nefndin gerði uppkast að sáttmálanum og lagði

fyrir stjórnendur til umsagnar og viku síðar varð útkoman sú sem fylgiskjalið sýnir. Í sáttmálanum koma fyrir áherslupættirnir okkar þrír, en jafnframt fyrirheit um að standa vörð um auðlindir og stuðla að öflugu fræðslustarfi.

Lokaorð

Við teljum að margt hafi áunnist í umhverfismálum skólans síðustu 2 ár en betur má ef duga skal. Við getum ávallt gert betur og stöðugt eftirlit, fræðsla og samstarfsfundir eru nauðsynlegir. Það er mikilvægt að umhverfisstarfið í skólanum sé virkt, að allir viti að hverju við stefnum og að það sé samþætt öllum námsgreinum. Það er einlægur vilji umhverfisnefndarinnar að svo verði og heitir hún því að starfa ötullega að því. Með því teljum við að umhverfisstarfið verði sjálfsagður hluti skólastarfsins.

f.h. umhverfisnefndar

Skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness